

3. stigs hegðunarbrot – ferli í 8.-10. bekk



Nemandi sýnir hegðun sem ógnar öryggi samnemenda og/eða starfsfólks.

Kennari eða stuðningsfulltrúi fer til hliðar með nemanda. Ef hann neitar að koma þá sækir viðkomandi aðstoð til stjórnanda.

Ef ekki næst í stjórnanda er hringt í skrifstofu sem aðstoðar við að finna stjórnanda.

Stjórnandi tekur við nemandanum og finnur honum stað til vinna.

Skólastjórnandi skráir málið og úrvinnslu þess í dagbók nemanda í Mentor og gerir umsjónarkennara grein fyrir úrvinnsluferlinu eins fljótt og unnt er.

Skólastjórnandi/umsjónarkennari boðar foreldra á fund í upphafi næsta dags í samvinnu við viðkomandikennara/umsjónarkennara námsráðgjafa eftir atvikum.

Daginn eftir er fundað með foreldrum og nemanda ásamt og stjórnanda og námsráðgjafa þar sem farið er yfir atburðinn og framhaldið. Áhersla lögð á það hvernig framhaldið sé og hvort hægt sé að treysta viðkomandi til að leggja sig betur fram. Áhersla er lögð á lausnamiðaða fundi og málinu sé lokið að fundi loknum.

Nemandinn fær tækifæri til að ná stjórn á hegðun sinni, á þessu stigi er ekki rætt mikið við nemanda en stundum þarf að hughreysta og hlusta.

Nemandi vinnur í áætlun en ef hann er ekki tilbúinn til þess fær nemandi önnur verkefni. Stjórnandi metur hvert tilvik fyrir sig, hversu lengi nemandi dvelur á skrifstofu. Fer það bæði eftir alvarleika brots og hvort hægt er að treysta nemandanum til að fara aftur í tíma.

Kennari sendir nemandann með skólatöskuna með sér svo hann geti nýtt tímann til vinna.